



Talnabrunnur

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

Embætti landlæknis

Ójöfnuður í farsæld barna: Líðan, tengsl og öryggi eftir mati þeirra á fjárhagsstöðu fjölskyldu

Embætti landlæknis hefur lögbundið hlutverk sem snýr m.a. að lýðheilsustarfi, söfnun og vinnslu upplýsinga um heilsufar þjóðarinnar og ráðgjöf og fræðslu til almennings, stjórnvalda og fagfólks um málefni sem embættið hefur með höndum. Í þessu skyni vaktar embættið m.a. andlega líðan og tengda þætti á borð við streitu, einmanaleika og hamingju meðal fullorðinna á Íslandi. Embættið sinnir á þessu stigi ekki reglubundinni vöktun á líðan barna en styðst við gögn annarra aðila til að fylgjast með heilsu, líðan og högum þeirra. Þau gögn sem embættið hefur helst horft til varðandi börn og ungmenni eru fengin frá Rannsóknnum og greiningu (R&G), Ískrá – sjúkraskrárkerfi skólahjúkrunarfræðinga, Íslensku æskulýðsrannsókninni (ÍÆ) og alþjóðlegu rannsókninni Heilsa og lífshæðni skólanema (Health and Behavior of School-Aged Children – HBSC).

Í þessum Talnabrunni er fjallað um líðan, öryggi og félags tengsl barna á Íslandi og samband þessara þátta við mat þeirra á fjárhagslegri stöðu fjölskyldu sinnar. Gögn frá Íslensku æskulýðsrannsókninni eru nýtt til að fá yfirlit yfir þessa þætti í því skyni að skoða hvort og þá hvar megi greina ójöfnuð til heilsu og vellíðanar. Mikilvægt er að slíkar upplýsingar liggi fyrir til þess að stjórnvöld og aðrir sem koma að heilsu og farsæld barna geti tekið upplýstar ákvarðanir um stefnu og forgangs röðun í málefnum þeirra.

Helstu niðurstöður

- Almennt er staða barna í 6.-10. bekk grunnskóla árið 2024 góð á flestum sviðum. Flest börn meta lífsánægju sína mikla, líður vel í skólanum og eiga góð tengsl við fjölskyldu sína, kennara og bekkjarfélag.
- Mikill munur er á líðan, öryggi og félags tengslum barna í 6.-10. bekk grunnskóla á Íslandi eftir því hvernig þau meta fjárhagslega stöðu fjölskyldu sinnar.
- Börn sem telja sig búa við slæma fjárhagsstöðu eru mun verr stödd en börn sem meta fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar góða á öllum mælingum sem skoðaðar voru. Þau eru líklegri til að upplifa depurð og kvíða nær daglega, greina frá lítilli lífsánægju, líka illa í skólanum, upplifa sig einmana og utangarðs þar, hafa lent í slagsmálum, orðið fyrir eða beitt einelti og orðið fyrir ofbeldi af hálfu foreldris eða annars fullorðins á heimili sínu. Þau greina mun síður frá því að fá þann tilfinningalega stuðning og hjálp sem þau þurfa frá fjölskyldu sinni, upplifa bekkjarfélag sína síður vingjarnlega, treysta kennurum sínum síður og telja þeim síður vera annt um sig sem einstaklinga.
- Rík ástæða er til þess að fylgjast betur með líðan og högum barna eftir félags- og efnahagsstöðu og gera betri ráðstafanir til að mæta þeim sem standa höllum fæti, þ.á.m. í skólakerfinu.
- Mikilvægt er að hlúa að barnafjölskyldum og hafa í huga að velferð foreldra hefur áhrif á farsæld barna.

Íslenska æskulýðsrannsóknin

Íslenska æskulýðsrannsóknin er lögð fyrir árlega í grunnskólum á Íslandi. Aðgangur að niðurstöðum hennar er gjaldfrjálgs og má nálgast þær í vefforriti ([sjá gagnasjá á vefsíðu rannsóknarinnar](#)). Könnunin sem hér verður greint frá var lögð fyrir í grunnskólum á tímabilinu mars til maí 2024. Könnunin var lögð fyrir rafrænt á skólatíma í 4.-10. bekk í þeim 154 grunnskólum sem brugðust við beiðni um þátttöku í könnuninni¹.

Í greiningunni sem hér verður fjallað um er einungis unnið með svör við spurningum sem lagðar voru fyrir börn í 6.-10. bekk. Auk þess voru þrjár spurningar eingöngu lagðar fyrir 8.-10. bekk en þær snéru að ofbeldi af hálfu foreldris eða annars fullorðins á heimilinu, hvort börn telji bekkjarfélaga sína taka þeim eins og þau eru og þau telji að kennurum þeirra sé annt um þau sem einstaklinga. Á bilinu 3.433 til 3.813 börn svöruðu könnuninni í hverjum árgangi 6.-10. bekkjar og var svarhlutfallið á bilinu 68% til 76%. Heilt yfir svöruðu heldur fleiri piltar en stúlkur, piltar voru um 50% af fjölda svarenda, stúlkur 48% en 2% voru stálp, annað eða vildu ekki svara spurningunni um kyn. Af þeim sem svöruðu könnuninni í þessum árgöngum áttu 87% barna annað foreldri eða bæði fædd á Íslandi en 13% báða foreldra sem fæddir voru erlendis.

Við þessa úrvinnslu var notast við spurningar úr könnuninni um eftirfarandi atriði:

- Fjárhagsstöðu
- Slagsmál
- Upplifun í skóla
- Lífsánægju
- Einelti
- Tengsl við kennara
- Depurð
- Ofbeldi
- Tengsl við bekkjarfélaga
- Kvíða
- Stuðning frá fjölskyldu

Öll svör í könnuninni eru fengin með sjálfsmati barna. Nánari upplýsingar um spurningar og framkvæmd má finna á vef Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar (www.iae.is). Fjárhagsleg staða var metin út frá svörum barna við spurningunni: „Hversu gott telur þú fjölskyldu þína hafa það fjárhagslega?“. Góð fjárhagsstaða var skilgreind út frá svörum „gott“ og „mjög gott“ (n=13.803) en slæm fjárhagsstaða út frá svörum „slæmt“ eða „mjög slæmt“ (n=203). Hlutfallslega mátu mjög fá börn fjárhagslega stöðu fjölskyldunnar slæma samkvæmt þessari mælingu og voru því svör allra árganga í grunnskólum þar sem könnunin var lögð fyrir (6.-10. bekkur) tekin saman við tölfræðilega úrvinnslu. Af sömu ástæðu eru svör ekki greind sérstaklega eftir kyni. Niðurstöðum ber því að taka með þeim fyrirvara að svör við tilteknum spurningum geta verið ólík eftir kyni og aldri.

Niðurstöður

Efnahagsleg staða


Langflest börn í könnuninni (85%) mátu fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar góða eða mjög góða. Minnihluti barnanna taldi fjárhagsstöðuna miðlungs (14%) og aðeins 1,2% taldi fjölskylduna hafa það slæmt eða mjög slæmt fjárhagslega.

¹ Nánari upplýsingar um framkvæmd Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar.

Lífsánægja

Til að meta lífsánægju voru börn og ungmenni beðin um að meta líf sitt á skalanum 0-10 þar sem 10 merkir besta mögulega lífið og 0 merkir það versta. Eins og sjá má á mynd 1 mat meirihluti barna í 6.-10. bekk grunnskóla lífsánægju sína mikla (þ.e. merktu við tölurnar 8-10 á skalanum) en 3% mátu hana slæma (þ.e. merktu við tölurnar 0-3 á skalanum). Mikill munur var á svörum barna eftir mati þeirra á fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar en einungis 19% barna, sem telja sig búa við slæma fjárhagslega stöðu, mátu lífsánægju sína góða og ívið hærra hlutfall, eða 23%, mat hana slæma. Á hinn bóginn má sjá að tæplega tvö af hverjum þremur börnum sem telja sig búa við góða fjárhagslega stöðu mátu lífsánægju sína góða (65%) og einungis 2% slæma.


Mynd 1. Lífsánægja barna í 6.-10. bekk grunnskóla, skipt eftir mati þeirra á fjárhagsstöðu fjölskyldu.



Depurð og kvíði


Tæplega eitt af hverjum tíu börnum (9%) í 6.-10. bekk grunnskóla á Íslandi greindi frá því að finna fyrir depurð hér um bil daglega á undangengnum 6 mánuðum en rúmur helmingur (52%) sjaldan eða aldrei (mynd 2). Þegar þessi svör eru skoðuð út frá mati barna á fjárhagsstöðu fjölskyldu má sjá að 7% barna sem töldu sig búa við góða fjárhagslega stöðu fundu fyrir depurð nær daglega á móti 31% barna sem töldu sig búa við erfiðan fjárhag. Yfir helmingur barnanna í fyrrnefnda hópnum (56%) fann sjaldan eða aldrei fyrir depurð á móti um fimmtungi (22%) barna í síðarnefnda hópnum.

Mynd 2. Depurð meðal barna í 6.-10. bekk grunnskóla undangengna 6 mánuði, skipt eftir mati þeirra á fjárhagsstöðu fjölskyldu.



Þegar spurt var um kvíða sögðust 15% barna í 6.-10. bekk hafa fundið fyrir kvíða hér um bil daglega undangengna 6 mánuði en 41% sjaldan eða aldrei (mynd 3). Ef svörin eru skoðuð út frá mati á fjárhagslegri stöðu kemur í ljós að 13% barna sem telja sig búa við góða fjárhagsstöðu fundu fyrir kvíða nær daglega á móti 37% barna sem telja sig búa við erfiðan fjárhag. Tæpur helmingur barna sem telur sig búa við góða fjárhagsstöðu (44%) fann sjaldan eða aldrei fyrir kvíða á móti 16% barna sem telja sig búa við slæma fjárhagsstöðu.


Mynd 3. Kvíði meðal barna í 6.-10. bekk grunnskóla undangengna 6 mánuði, skipt eftir mati þeirra á fjárhagsstöðu fjölskyldu.



Öryggi

Meirihluti barna hafði aldrei lent í slagsmálum síðustu 12 mánuði (71%) en tæpur þriðjungur (29%) hafði lent í slagsmálum einu sinni eða oftár (mynd 4). Mun fleiri börn sem telja sig búa við slæma fjárhagslega stöðu höfðu lent í slagsmálum (45%) en þau sem telja sig búa við góða fjárhagslega stöðu (29%). Hafa þarf í huga að spurningin gerir ekki greinarmun á því hvort börnin sem svara þessu játandi séu upphafsáðilar eða þolendur árása.


Mynd 4. Hlutfall barna í 6.-10. bekk sem hafði lent í slagsmálum að minnsta kosti einu sinni undangengna 12 mánuði, skipt eftir mati þeirra á fjárhagsstöðu fjölskyldu.



Börnin voru einnig spurð hvort þau hefðu verið lögð í einelti (þolendur) eða tekið þátt í að leggja aðra í einelti (gerendur) síðustu tvo mánuði. Mikill meirihluti svaraði hvoru tveggja neitandi en 81% barna hafði ekki upplifað einelti og 88% höfðu ekki tekið þátt í að leggja aðra í einelti (mynd 5). Tæpur fimmjungur (19%) hafði orðið fyrir einelti einu sinni eða oftár á þessu tímabili og 12% höfðu tekið þátt í að leggja aðra í einelti.

Þegar niðurstöður eru greindar eftir mati barna á fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar má sjá að 17% þeirra sem telja sig búa við góðan fjárhag sögðust vera þolendur eineltis á móti 35% barna sem telja sig búa við slæman fjárhag. Um 12% barna sem telja sig búa við góðan fjárhag sagðist hafa tekið þátt í að leggja aðra í einelti og um 19% barna sem telja sig búa við slæman fjárhag.

Mynd 5. Hlutfall barna í 6.-10. bekk sem hafði orðið fyrir eða lagt aðra í einelti að minnsta kosti einu sinni undangengna tvo mánuði, skipt eftir mati þeirra á fjárhagsstöðu fjölskyldu.



Tæplega eitt af hverjum tíu börnum (8%) í 8.-10. bekk svaraði því játandi að foreldri eða annar fullorðinn á heimilinu hafi slegið þau, sparkað í þau eða reynt að meiða þau á einhvern hátt einhvern tímann um ævina (mynd 6). Meðal barna sem telja sig búa við góðan fjárhag er hlutfallið 6% en 29% meðal þeirra sem telja sig búa við erfiðan fjárhag.


Mynd 6. Hlutfall barna í 8.-10. bekk sem hafði orðið fyrir ofbeldi af hálfu foreldris eða annars fullorðins á heimili sínu einhvern tímann um ævina, skipt eftir mati þeirra á fjárhagsstöðu fjölskyldu.



Skólinn


Flestum börnum líkar vel eða þokkalega í skólanum (83%) en 17% líkar ekki vel eða alls ekki vel. Hlutfall þeirra sem líkar vel í skólanum er mun hærra meðal barna sem telja sig búa við góðan fjárhag (86%) en meðal þeirra barna sem telja sig búa við erfiðan fjárhag þar sem rétt um helmingur segist líka vel í skólanum (53%) (mynd 7).

Mynd 7. Hlutfall barna í 6.-10. bekk sem líkar vel eða illa í skólanum, skipt eftir mati þeirra á fjárhagsstöðu fjölskyldu.




Aðspurð um tengsl við kennara sögðust 67% barna í 6.-10. bekk treysta kennurum sínum og sama hlutfall barna í 8.-10. bekk telur að kennurum þeirra sé annt um þau sem einstaklinga (mynd 8). Mikinn mun má þó sjá eftir mati á fjárhagsstöðu en 70% barna sem telja sig búa við góðan fjárhag sögðust treysta kennurunum sínum og telja að þeim sé annt um þau sem einstaklinga samanborið við tæplega helming (46%) barna sem telur sig búa við erfiðan fjárhag.

Mynd 8. Hlutfall barna í 6.-10. bekk sem treystir kennurunum sínum og hlutfall barna í 8.-10. bekk sem upplifir að kennurum þeirra sé annt um þau sem einstaklinga, skipt eftir mati þeirra á fjárhagsstöðu fjölskyldu.




Þegar tengsl við bekkjarfélaga eru skoðuð greindu 75% barna í 8.-10. bekk frá því að bekkjarfélagarnir taki þeim eins og þau eru og 70% barna í 6.-10. bekk töldu flesta bekkjarfélaga vingjarnlega (mynd 9). Mun færri börn sem telja sig búa við erfiðan fjárhag svöruðu þessu játandi en einungis helmingur þeirra sagði bekkjarfélaga vingjarnlega og taka þeim eins og þau eru (49-50%) samanborið við 73% og 78% barna sem telja sig búa við góðan fjárhag.

Mynd 9. Hlutfall barna í 6.-10. bekk sem telja bekkjarfélaga sína vingjarnlega og hlutfall barna í 8.-10. bekk sem finnst bekkjarfélagarnir taka þeim eins og þau eru, skipt eftir mati þeirra á fjárhagsstöðu fjölskyldu.



Um 11% barna í 6.-10. bekk sagðist vera einmana í skólanum og 16% upplifa sig utangarðs eða skilin útundan þar (mynd 10). Rýnt eftir fjárhag sögðust 10% barna sem búa við góðan fjárhag vera einmana í skólanum og 14% upplifa sig utangarðs á móti 32% og 35% barna sem búa við slæma fjárhagslega stöðu.


Mynd 10. Hlutfall barna í 6.-10. bekk sem upplifir sig einmana eða utangarðs í skólanum, skipt eftir mati þeirra á fjárhagsstöðu fjölskyldu.



Fjölskylda

Langflest börn í 6.-10. bekk sögðust fá þann tilfinningalega stuðning og hjálp sem þau þurfa frá fjölskyldu sinni, eða 90%. Meðal barna sem telja sig búa við góða fjárhagslega stöðu er hlutfallið 93% en meðal þeirra sem telja sig búa við slæma fjárhagslega stöðu einungis 56% (mynd 11).

Mynd 11. Hlutfall barna í 6.-10. bekk sem segjast fá þann tilfinningalega stuðning og hjálp sem þau þurfa frá fjölskyldu sinni, skipt eftir mati þeirra á fjárhagsstöðu fjölskyldu.



Samantekt

Í þessum Talnabrunni eru birtar niðurstöður úr Íslensku æskulýðsrannsókninni um líðan, öryggi og félagslega stöðu barna og ungmenna á grunnskólaaldri. Góð uppvartarar eru mikilvægt veganesti sem leggur grunn að heilsu, hamingju og farsæld í lífinu seinna meir. Erfiðleikar og áföll í æsku geta hins vegar vegið að heilsu og velferð og skapað alvarlegar hindranir á lífshlaupinu. Því er mikilvægt að stjórnvöld fylgist vel með stöðu, líðan og högum barna og bregðist við þeim áskorunum sem fram koma á hverjum tíma. Íslensku æskulýðsrannsókninni er ætlað að þjóna þessum tilgangi. Markmið hennar er að safna gögnum um heilsu, líðan og viðhorf barna og nýta niðurstöður til stefnumótunar, skapa aðstæður til snemmbærs inngrips og stuðnings við börn og fjölskyldur þeirra og styðja við innleiðingu nýrrar löggjafar um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna².

Í þeim gögnum sem hér hafa verið rýnd má sjá að almennt er staða barna í 6.-10. bekk grunnskóla góð á flestum sviðum. Flest börn meta lífsánægju sína mikla, líður vel í skólanum og eiga góð tengsl við fjölskyldu sína, kennara og bekkjarfélaga. Aftur á móti má greina mikinn mun á líðan og högum barna eftir því hvernig þau meta fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar. Stór hluti þeirra sem meta fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar slæma þarf á aðstoð að halda en um þriðjungur þeirra hefur orðið fyrir ofbeldi foreldris eða annars fullorðins á heimili sínu, orðið fyrir einelti í skólanum og finnur fyrir kvíða og depurð nánast daglega. Hlutfallslega fleiri börn í þessum hópi meta lífsánægju sína slæma en góða og aðeins rúmur helmingur þeirra segist fá þann tilfinningalega stuðning og hjálp sem þau þurfa frá fjölskyldu sinni samanborið við yfir 90% barna sem búa við góðan fjárhag. Minna en helmingur þeirra treystir kennurum sínum og telur þeim annt um sig sem einstaklinga. Sú niðurstaða vekur jafnframt upp áhyggjur af því hvernig skólakerfinu gangi að taka utan um þessi börn.

Til að mæta þessari stöðu þarf að hlúa að barnafjölskyldum og hafa í huga að velferð foreldra hefur áhrif á farsæld barna. Í Talnabrunni um líðan fullorðinna árið 2023³ mátti sjá mikinn mun á andlegri heilsu, streitu, svefni, hamingju, einmanaleika og velsæld fullorðinna eftir fjárhagsstöðu. Þau sem áttu erfitt með að ná endum saman voru í mun verri stöðu en þau sem áttu auðvelt með það þegar litið var til allra mælinga sem skoðaðar voru. Þau mátu andlega heilsu sína mun lakari, glímdu oftari við mikla streitu í daglegu lífi, fengu síður nægan svefn, fundu oftari fyrir einmanaleika, voru síður hamingjusöm og upplifðu minni velsæld. Jafnframt kom fram að þeim færi fjölgandi sem áttu erfitt með að ná endum saman. Þetta er áhyggjuefni þar sem streita, líðan og staða foreldra hefur áhrif á börn. Nauðsynlegt er að stuðla með markvissum aðgerðum að góðum uppeldisskilyrðum fyrir öll börn.

Í þessari könnun taldi aðeins 1% barna fjölskyldu sína hafa það slæmt eða mjög slæmt fjárhagslega en 85% töldu sig hafa það gott eða mjög gott og 14% miðlungs. Hafa þarf í huga að þessar tölur, líkt og aðrar niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar, byggja á sjálfsmati barna sem eflaust gera sér misvel grein fyrir fjárhagsstöðu fjölskyldunnar eftir aldri og þroska. Til dæmis mátti sjá að tvöfalt fleiri mátu fjárhagsstöðu fjölskyldunnar slæma í 10. bekk (2,1%) en í 6. bekk (0,9%). Þrátt fyrir að hlutfallið sé lágt er fjöldinn þó tæplega 500 börn ef miðað er við þann fjölda barna sem nú eru á grunnskólaaldri hér á landi. Sé miðað við opinberar tölur er jafnframt líklegt að raunverulegt hlutfall þeirra barna sem búa við erfiða fjárhagsstöðu sé talsvert hærra en það sem sjá má í þessari könnun. Samkvæmt tölum Hagstofunnar bjuggu til dæmis 13% barna á Íslandi á heimilum undir lágtekjumörkum árið 2021 og 4% bjuggu við skort á efnislegum gæðum⁴.

Þær niðurstöður sem hér hafa verið birtar gefa ríka ástæðu til þess að fylgjast betur með líðan og högum barna eftir félags- og efnahagsstöðu og gera betri ráðstafanir til að mæta þeim sem standa höllum fæti, meðal annars í skólakerfinu. Mikilvægt er að opinberir aðilar geri það að venju sinni að rýna í tölfræðilegar upplýsingar um börn eftir fleiri bakgrunnspáttum en einungis kyni og aldri. Nauðsynlegt er að hafa upplýsingar um stöðu ólíkra hópa til þess að

² Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ).

³ Talnabrunnur. *Líðan fullorðinna árið 2023*. 18. árgangur. 4. tölublað.

⁴ Hagtíðindi. *Félagsvísar: Lágtekjumörk og skortur á efnislegum gæðum á meðal barna á Íslandi*. Hagstofa Íslands. 12. September 2022.

geta brugðist við og rétt stöðu þeirra sem standa höllum fæti. Ójöfnuður meðal barna hefur alvarleg áhrif ekki aðeins á þá einstaklinga sem eiga í hlut heldur á þróun samfélagsins til framtíðar. Í skýrslu embættis landlæknis frá 2021⁵ mátti sjá að einstaklingar sem áttu styttri skólagöngu að baki eða erfiðara með að ná endum saman bjuggu almennt við verri heilsu og lífnaðarhætti en þeir sem áttu að baki lengri skólagöngu eða bjuggu við betri efnahag. Þær niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að líta á ójöfnuð í heilsu og vellíðan í tengslum við lífsskilyrði í samfélaginu almennt. Þau gögn sem hér hafa verið rýnd benda til þess að tækifæri barna til að eiga heilbriggt og gott líf séu ójöfn frá barnæsku og er það í takt við erlendar rannsóknir á þessu sviði. Ef ekkert er að gert mun aðstöðumunur á milli þeirra að líkindum fara vaxandi yfir æviskeiðið og þar með auka enn á heilsufarslegan ójöfnuð. Jöfn tækifæri og góð uppeldisskilyrði barna eru lykillinn að farsælu samfélagi til lengri tíma og því mikilvægt að standa vörð um vellíðan, heilsu og farsæld allra barna og ungmenna – og skilja engin eftir⁶.

Sigrún Daníelsdóttir
Andrea Gerður Dofradóttir

⁵ Sigríður Haraldsd. Elínardóttir, Hildur Björk Sigbjörnsdóttir og Jón Óskar Guðlaugsson (2021). *Ójöfnuður í heilsu á Íslandi. Ástæður og árangursríkar aðgerðir til úrbóta. Greining á gögnum rannsóknarinnar Heilsa og líðan Íslendinga*. Reykjavík: Embætti landlæknis.

⁶ Sameinuðu þjóðirnar. *2030 Agenda, universal values. Leave no one behind*.

Efni

Líðan, félagstengsl og öryggi
 barna eftir fjárhagslegri stöðu

Ritstjórn

Védís Helga Eiríksdóttir, ritstjóri
 Sigríður Haralds Elínardóttir, ábm.
 Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis

Katrínartúni 2
 105 Reykjavík
 S. 510 1900
 mottaka@landlaeknir.is
 www.landlaeknir.is